

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið**Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um störf innan Reykjavíkurborgar.**

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2022 lagði borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um störf innan Reykjavíkurborgar:

Hvað vinna margir í Ráðhúsi Reykjavíkur og hversu mörg hlutastörf eru í boði? Er haldið utan um hversu margir hreyfihamlaðir einstaklingar vinna í ráðhúsinu? Þar sem okkur er ætlað að ganga á undan með góðu fordæmi, í hvaða ráðstafana hefur verið gripið í að auðvelda hreyfihömluðu fólki að fá vinnu í Ráðhúsi Reykjavíkur?

Svar:

Alls starfa tæplega 100 manns í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar af starfa 10 í hlutastörfum.

	Fjöldi starfsmanna	Þar af hlutastörf
Skrifstofur Ráðhúss/miðlæg stjórnarsýsla		
Embætti borgarlögmans	10	0
Mannréttindaskrifstofa	13	2
Skrifstofa borgarstjóra - og borgarritara	29	2
Skrifstofa borgarstjórnar	7	1
Menningar og ferðamálasvið		
Menningar- og ferðamálasvið, skrifstofa	12	2
Höfuðborgarstofa	6	1
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	17	2
Heild	94	10

Ekki er haldið utan um hversu margir hreyfihamlaðir starfa í ráðhúsinu frekar en annars staðar hjá Reykjavíkurborg þar sem ekki er talið rétt að aðgreina starfsfólk í ákveðna hópa. Þess vegna eru ekki merkt í launakerfi eða öðrum kerfum hvort starfsfólk búi við einhverja skerðingu.

Í mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að starfsfólk hafi jafna stöðu og fái jöfn tækifæri. Einnig er tiltekið í mannréttindastefnu borgarinnar að veita skuli fötluðu fólki viðeigandi aðlögun í nýju starfi og að hlutastörf séu í boði. Reykjavíkurborg hefur síðustu ár sett ákveðið fjármagn sem auðveldar starfsstöðum að ráða inn fólk með skerta starfsgetu. Þannig geta starfsstaðir sótt um að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu og þurfa ekki að



hafa áætlað fjármagn fyrir þau stöðugildi í fjárhagsáætlun til þess auk þess sem það gerir starfsstöðum kleift að veita starfsfólki aukna aðlögun í starfið.

Nokkur atriði sem unnið hefur verið að til að auka aðgengi að störfum og laða að ólíka hópa í störf hjá borginni. Reykjavíkurborg hefur aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks þar sem til dæmis starfsstaðir borgarinnar geta sótt um til að tryggja aðgengi starfsfólks að starfsstað sínum. Í Ráðhúsinu er búið að vinna að undirbúningi og tryggja fjármagn fyrir salerni fyrir fatlað fólk sem komið verður upp á báðum hæðum í stjórnsýsluhúsi og á 2. og 3. hæð í norðurhúsi. Einnig hefur verið komið upp talgervlum í lyftum ráðhúss.

Með Afleysingastofu er verið að fjölga ráðningarformum og geri þannig fleirum kleift að sækja um fjölbreytt störf hjá borginni. Við stofnun Afleysingastofu hefur aðgengi að hlutastörfum aukist hjá borginni. Afleysingastofu Reykjavíkurborgar er ætlað að bregðast við forföllum á starfsstöðvum borgarinnar og þar getur starfsfólk skilgreint sinn vinnutíma og reynt að finna starfsstað sem hentar.

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið